



Gledilegt
sumar

Sumardagurinn fyrsti heilsaði Sunnlendingum og landsmönnum öllum með fordæmalitlu blíðvöri síðastliðinn fimmtudag, en hitinn skreiddi upp í 10-12 gráður víðsvegar um Suðurland og sólin brosti sínu blíðasta. Í Garðyrkju-skólanum í Hveragerði var opið hús eins og tíðkast á þessum fyrsta degi sumars. Þar var boðið upp á hátíðardagskrá sem innihélt meðal annars markaðstorg með nýtt grænmeti, ýmsa afþreyingu fyrir unga sem aldna og stórglæsilega túllípanasýningu þar sem hægt var að skoða um 80 afbrigði af túllípönum. Mynd: Dagskráin/BRV



Mikill fögnuður braust út á meðal leikmanna og áhorfenda í leikslok. Mynd: Dagskráin/BRV

Hamar í Subway-deildina

Á mánudaginn sl. tryggði Hamar sér sæti í Subway-deild karla eftir spennandi sigur í oddaleik á móti Skallagrími frá Borganesi. Stemningin í Hveragerði á mánudaginn var rafmögnuð. Hávaðinn var það mikill að bæði leikmenn og áhorfendur þurftu að hafa sig alla við við að heyrja í flautu dómaranna.

Leikurinn var mjög jafn þar sem liðin skiptust á að

leiða. Hamarsmenn voru hinsvegar betri á lokasprettinum og tryggðu sér góðan sigur 93-81. Undanfarin ár hafa Hamarsmenn verið í toppbaráttu 1. deildarinnar og oft komist mjög nálægt því að tryggja sér sæti í úrvalsdeildinni og því vel skiljanlegt að allt hafi ætlað um koll keyra þegar leikklukkan rann út.

Til hamingju Hamar og Hvergerðingar! BRV

Sveitarfélagið Árborg segir upp 57 starfsmönnum

Sveitarfélagið Árborg sagði í síðustu viku upp ráðningar-samningum við 57 starfsmenn sveitarfélagsins um leið og tilkynnt var um 5% launalækkun æðstu stjórnenda, bæjarstjóra og sviðsstjóra. Þetta kom fram í tilkynningu frá bæjarstjóra Árborgar þann 18. apríl sl.

Fram kemur í tilkynningunni að þessar aðgerðir séu liður í hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins sem gripið er til vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sem kynnt var íbúum í þarsíðustu viku.

Alls starfa í dag um 1047

manns í 827 stöðugildum hjá Sveitarfélaginu Árborg og þær aðgerðir sem nú hefur verið gripið til snerta öll rekstrarsvið bæjarins og hafa áhrif á um 100 starfsmenn. Uppsagnarfrestur starfsmanna er samkvæmt samningum á bilinu 3 til 6 mánuðir.

Fjóla St. Kristinsdóttir, bæjarstjóri í Árborg, sagði í samtali við Dagskrána að af virðingu við þá einstaklinga sem var sagt upp og þá sem eftir standa hafi verið ákveðið að fara ekki í fjölmiðla með þessar erfiðu ákvarðanir



Ráðhús Árborgar. Mynd: Dagskráin/HGL

að svo stöddu, en nánari upplýsingar um áhrif uppsagnanna

á starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins munu koma fram síðar.



Myndir frá hátíðarhöldum Garðyrkju-skólans á sumardegnum fyrsta

Fáðu
fagmann
í verkið



Framúrskurandi
fyrirtæki



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Komdu í kaffi
og kíktu á sólpallinn!



Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFOSSI



Aðalfundur

Aðalfundur Ungmennafélags Stokkseyrar verður haldinn fimmtudaginn 11. maí kl 20:00 í íþróttahúsinu Stokkseyri.

Hefðbundin aðalfundarstörf.
Allir velkomnir.



Sölukvöld veiðileyfa hjá SVFS

verða haldin
þriðjudagskvöldið 2. maí og
miðvikudagskvöldið 3. maí,
frá kl 19:30 – 21:00

Sölukvöldin fara fram í Víkinni félagsheimili SVFS.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Atvinna í boði

Reykjabúið ehf / Ölfus


Reykjabúið ehf auglýsir eftir röskum aðila til að taka að sér þrif á fuglahúsum í Ölfusi.

Fuglahús eru mokuð og sápu þrifin eftir hverja eldislotu.

Árðandi að viðkomandi temji sér verklag og umgengnisreglur sem gilda í svona starfsemi.

Nánari upplýsingar veitir Jón Magnús,
s. 566 8250 - reykjabuid@kalkunn.is

Reykjabúið ehf, 271 Mosfellsbæ



Glötuð tækifæri til framtíðar í Rangarþingi eystra, Mýrdal og Skaftárhreppi

Eftir þuríði Aradóttur Braun

Heyrst hefur af uppgjöf um Hreksur Kötlu jarðvangs. Það eru afar sorglegar fréttir fyrir svæðið, sveitarfélög, atvinnulíf og íbúa svæðisins.

Í dag er svæðið einstakt á heimsvísu og er það vottað af UNESCO. Svæðið er Katla UNESCO Global Geopark. Svæðið er einstakt, af því að þar getur þú séð hvernig náttúruöflin með eldi og ís, hafa mótað náttúru og landslag svæðisins og þannig haft áhrif á þróun samfélags og menningu þess. Með þetta í huga hefur svæðið skapað sér sérstöðu og tækifæri fyrir atvinnulíf og samfélag innan svæðisins. Við höfum tækifæri til að auka verðmæti varanna okkar og leita leiða til að stöðva hagleka.

Ekki bara huggulegt verkefni fyrir ferðaþjónustuna

Jarðvangar eru starfræktir um allan heim. Engir þeirra eru eins enda hafa þeir alla sína sögu að segja. Jarðvangar eru þróaðir á þann hátt að þeir eru samstarfsvettvangar sem styðja við þróun atvinnulífs og samfélags á þeim svæðum sem þeir starfa á. Þannig geta verkefnið verið fjölbreytt, hvort sem þau miða að ferðaþjónustu, stjórnsýslu, landbúnaði, menningu, fræðslu eða skólastarfi. Jarðvangar eru verkfæri til byggðapróunar og eru mjög aðlögunarhæfir að aðstæðum hverju sinni, því ættu verkefnið að miðast við þær áskoranir sem svæðin standa frammi fyrir.

Hvað getur jarðvangurinn gert fyrir þig?

Verkefnið sem vinnast geta

verið í formi beinnar aðkomu, framkvæmda og fleira. En mörg verkefni snúa að því að byggja brýr, veita innblástur og skapa tækifæri fyrir íbúa, fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Þannig að aðilar geti fundið leiðir til að efla sína starfsemi og geti skapað meiri virðisauka, í vörubróun, nýsköpun eða fjármögnun.

Meðal þess sem getur verið erfitt að festa hendur á er stuðningur við íbúa og menningarstarf. En til að taka dæmi, fyrir nokkrum árum, voru starfsmenn Kötlu jarðvangs meðal fyrstu aðila til að styðja við hugmynd kvenna á svæðinu með því að veita þeim ráðgjöf, koma þeim að í Evrópuverkefni um handverk í hérðaði og þannig veita þeim þann stuðning og sjálfsstraust sem þurfti til að leggja í risavaxið verkefni fyrir svæðið. Í dag þekkið þið það sem Njálurefilinn.

Ástæða þessara hugleiðinga er þó ekki að telja upp þau verkefni sem unnið hefur verið að en þau eru þónokkur sem hafa unnist á þessu tímabili bæði hjá Kötlu jarðvangi og eins hjá Reykjanes jarðvangi þar sem ég kem að verkefnum í dag. Ekki síður hefur töluvert fjármagn komið inn á svæðin á þessu tímabili til að ýta undir vegferð þeirra verkefna sem unnið er að hverju sinni.

Og hvað svo?

Hefur stjórnin eða sveitarfélögin kortlagt verkefnið, mótað sér stefnu og listað upp þær sameiginlegu áskoranir sem þau standa frammi fyrir í dag og skoðað hvort jarðvangurinn sé leið til að



vinna að lausnum?

Það er enginn að segja að það sé einfalt eða auðvelt að reka jarðvang, en að leggja hann niður er dýr pólitísk leið til að glata sérstöðu svæðis og tækifærum til framtíðar. Ef hagsmunaaðilar jarðvangsins hafa ekki trú á eigin verkefni, getu til framkvæmda og tilbúin að bakka það upp með fjármagni, þá er enginn til í að taka boltann.

En eruð þið í alvörunni til í að hætta með verkfæri sem vinnur þvert á landamæri og getur stutt við atvinnulíf og samfélögin á svæðinu af því að þið höfðuð ekki tíma eða nennu til að koma ykkur inn í málin?

Þið getið gert betur!

Höfundur á aðsetur í Fljótshlíð, er fyrrum markaðs- og kynningarfulltrúi Rangarþings eystra, kom að stofnun Kötlu jarðvangs, er ráðgjafi fyrir Reykjanes jarðvang og situr í ráðgjafaráði netverks evrópskra jarðvanga (European Geoparks Network).

Hildur kjörin forseti Soroptimistasambandsins

Á fjölmennum landsfundi Soroptimistasambands Íslands, sem haldinn var á Selfossi 21. og 22. apríl sl., var Hildur Jónsdóttir úr Soroptimistaklúbbi Suðurlands kjörin forseti Soroptimistasambandsins fyrir árin 2025 og 2026. Skuldbindingin er þó til fjögurra ára, en verðandi forseti mun starfa með stjórn sambandsins árið 2024 til að læra allt um hið mikla starf sem fram fer á meðal Soroptimista um allt land - og allan heim - og síðan einnig árið 2027 til að miðla til nýrra stjórnarkvenna.

Í Soroptimistasambandi Íslands eru hátt í 700 félagskonur, systur, og starfa þær í 19 klúbbum um allt land að fjölbreyttum verkefnum í þágu kvenna, barna, jafnréttis og mannréttinda. Þá er Soroptimistasamband Íslands aðili að Heimssambandi Soroptimista sem starfar í 122 löndum og er mikil virkni í heimsverkefnum af ýmsu tagi.



Meðal annars er stutt dyggilega við bakið á systur í Úkraínu og í Tyrklandi.

Á landsfundinum var gerð sú lagabreyting að frumkvæði að inngöngu nýrra félagskvenna þarf ekki að koma frá starfandi systur, heldur getur hver og ein óskað inngöngu sjálf. Á Suðurlandi er það hægt með því

að senda póst á netfangið jona-ingvars@gmail.com.

Hildur er verkefnisstjóri Sigurhæða, þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis, sem Soroptimistaklúbbur Suðurlands kom á fót fyrir rúmum tveimur árum og er það staðsett á Selfossi.



1. maí



SELFOSSI

RÉTTLÆTI – JÖFNUÐUR – VELFERÐ

Kröfuganga frá Austurvegi 56 kl. 11:00, Lúðrasveit Selfoss leiðir gönguna að Hótel Selfoss þar sem skemmtun fer fram. Félagar úr Sleipni fara fyrir göngunni á hestum.



Kynnir er Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, formaður Bárunnar stéttarfélags.
Ræðumaður verður Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna.
Frá námsmönnum FSU verður Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir.

Benedikt Búálfur syngur og skemmtir börnunum.

Valgeir Guðjónsson kemur fram.

Andlitsmálun fyrir börnin.



Fimm verktakar sýna Ölfusárbrú áhuga

Fimm verktakar vilja taka þátt í samkeppnisútboði vegna byggingar nýrrar brúar yfir Ölfusá, þar af þrír erlendir, einn íslenskur í samvinnu við erlendan verktaka og einn íslenskur.

Þetta er upphaf útboðsferilsins og í kjölfarið mun fara fram hæfnismat og þeim sem metnir eru hæfnir, verður boðin þátttaka. Í tilkynningu frá Vegagerðinni er sagt að vonir standi til að samningar náist á þessu ári, en útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fyrirtækin sem lýst hafa yfir áhuga á þátttöku eru: Hochtief Infrastructure GmbH, Essen, frá Þýskalandi, IKI Infrastructure Systems Co., Ltd, frá Japan, Ístak hf. - Per Aarsleff A/S - Freyssinet Int., fyrir hönd óstofnaðs félags, í Reykjavík, Puentes y Calzada Infraestructuras, S.L.U., frá Spáni og ÞG verktakar ehf, í Reykjavík.

Mjög gott að fá svona marga, áhugasama þátttakendur
„Ég er mjög spennt,“ sagði Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, þegar þetta varð ljóst. „Við erum hér með tvö öflug, íslensk verktakafyrirtæki, og annað þeirra er með er-



lenda samstarfsaðila. Svo erum við einnig með þrjá erlenda verktaka sem eru gríðarlega áhugaverðir og við verðum að skoða nánar. En það að við höfum fengið svona marga áhugasama þátttakendur í þessu samkeppnisútboði er mjög gott.“

Verkið snýst um færslu Hringvegjar út fyrir þéttbýlið á Selfossi. Meðal helstu verkþátta eru nýbygging 3,7 km Hringvegjar, bygging nýrrar 330 m langrar stagbrúar á Ölfusá og um 1 km af öðrum tveggja akreina vegum. Gera þarf ný vegamót við Hringveg austan Selfoss, undirgöng undir Hringveg fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn ásamt undirgöngum

fyrir bíla og gangandi. Einnig er gert ráð fyrir lögnum veitufyrirtækja.

Brúin verður 330 metra löng stagbrú með 60 metra háum turni á Efri Laugardælaeyju. Brúargólf verður 19 m breitt og er gert ráð fyrir 2+1 vegi með aðskildum akstursteffnum ásamt göngu- og hjólaleið. Einnig er gert ráð fyrir göngu- og hjólaleið undir brúna á báðum árbökkum.

Framkvæmdin fer um tvö sveitarfélög, Flóahrepp og sveitarfélagið Árborg. Og hefur Vegagerðin sótt um framkvæmdaleyfi til beggja sveitarfélaga.

Nýr prestur í Árborgarprestakalli

Á dögunum hélt einn af prestunum okkar hér í Árborgarprestakalli á nýjar slóðir þegar sr. Arnaldur Bárðarson tók við embætti sóknarprests í Heydalsókn í Austurlandsprófastsdæmi. Við það losnaði embætti prests í Árborgarprestakalli og hefur nú verið ráðið í það og hér tekur nú til starfa sr. Ása Björk Ólafsdóttir og verður hún sett í embætti í Selfoskirkju við guðspjónustu n.k. sunnudag kl. 11:00 af sr. Halldóru Þorvarðardóttur prófasti.

Ása Björk er fædd í Færeyjum en bjó síðan sem barn bæði á Íslandi og Grænlandi, en auk þess dvaldist hún mörg sumur í Landinu helga. Annars ólst hún upp í Vesturbænum í Reykjavík og í Neskaupstað. Síðar bjó hún tímabundið í London og þá í Helsinki en síðustu þrettán ár hefur hún búið í Dublin á Írlandi og gengt prestspjónustu þar.

Áður en Ása Björk tók til við að læra guðfræði hafði hún numið myndlist og lokið kennaraprófi en hún kenndi í tíu ár



áður en kom til guðfræðinámsins. Hún vígðist 2005 til Fríkirkjunnar í Reykjavík en þjónaði síðar í Kjalarnessprófastsdæmi og eftir það á Írlandi, fyrst í Kells og síðan syðst í Dublin. Í Dublin setti hún meðal annars á fót matareldhús fyrir fólk í fjárhagserfiðleikum og einnig fyrir heimilisláusa. Séra Ása Björk lauk klínisku sálgæslunámi 2022 í Cork, og starfaði í framhaldinu sem sálgæti á sjúkrahúsi með fram sóknarpreststarfinu í Dublin.

En nú biða hennar ný og spennandi verkefni í samstarfi við sr. Guðbjörgu Arnardóttur, sr. Gunnar Jóhannesson og annað starfsfólk kirknanna hér í Árborgarprestakalli; verkefni sem henni og samstarfsfólki hennar hlakkar til að takast á við í sameiningu.

Segja má að Ása Björk sé með ákveðnum hætti að tengjast rótunum á þessum nýja starfsvettvangi því að langafi hennar, sr. Ólafur Helgason, var sóknarprestur á Stokkseyri og Eyrarbakka á árum áður, en hann var sonur hins kunna sálmaskálds sr. Helga Hálfdánarsonar – en Ólafur var afa barn sr. Tómasar Sæmundssonar sem kunnastur er sem einn Fjölnismanna en sat einnig Breiðabólstað í Fljótshlíð síðustu sex ár ævi sinnar. Ása Björk á þrjú uppkomin börn, Gabríel, Sesselju og Messíönu. Það er okkur mikið fagnaðar efni að sr. Ása Björk gengur nú til liðs við okkur. Við munum taka vel á móti henni og það er von okkar og trú að sóknarbörnin sem hún mun þjóna vítt og breytt um prestakallið muni gera slíkt hið sama. Við biðjum henni Guðs blessunar í lífi og starfi. Árborgarprestakall



Jón Steindór Sveinsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég þakka Hafþóri stórvini mínum og veiðifélaga fyrir áskorunina. Hann er höfðingi heim að sækja, það er unun að fylgjast með honum í eldhúsinu, dunda við matargerðina. Sjálfur hef ég mjög gaman af því að elda og fá góða vini heim í mat. Ég er ekkert sérstaklega mikið fyrir uppskriftir en gott er að styðjast við þær. Allra mikilvægast er þó að „dassa“ aðeins, þar til bragðlaukarnir eru hæstánægðir. Ég ætla að bjóða ykkur upp á einn af mínum uppáhaldsréttum en það jafnast fátt á við góða lambaskanka.

Hægeldaðir lambaskankar með kartöflumús
(Fyrir 5-6 manns)

- Lambaskankar**
5-6 lambaskankar
1 saxaður laukur
3 saxaðar gulrætur
3 rifin hvítlauksrif
140 g tómtpaste
1 dós hakkaðir tómatar
600 ml nautasoð
3 greinar rósmarín
1 msk. ferskt timian
100 ml rauðvín
Salt, pipar og lambkjötskrydd
Ólífúolía til steikingar
Smjör til steikingar

Hitið ofninn í 175°C.
Byrjið á því að steikja skankana upp úr matarolíu og krydda eftir smekk. Geymið þá síðan á disk á meðan þið útbúið sósuna.
Bætið nú vænni klípu af smjöri í pottinn og steikið lauk og gulrætur á meðalhita í um 10 mínútur. Bætið hvítlaukunum þá saman við og steikið áfram í nokkrar mínútur.
Blandið tómtpaste næst út í pottinn og síðan hökkuðum tómötum, nautasoði, rósmaríngrænum og söxuðu



timian (geymið rauðvínið þar til síðar).
Leyfið þessu að malla stutta stund, bætið skónkunum aftur í pottinn, setjið lokið á og inn í ofn í 2 klukkustundir.
Að þeim tíma liðnum má taka skankana varlega uppúr, bæta rauðvíninu í sósuna og hræra hana upp að nýju, leyfa henni að malla á hellunni í um 5 mínútur. Þá má setja skankana aftur úti og bera fram með kartöflumús.

- Kartöflumús**
Um 1,2 kg kartöflur
30 g smjör
150 ml mjólk
80 ml rjómi
1 msk. sykur
Salt, pipar og timian eftir smekk
Rifinn parmesan, sé þess óskað

Sjóðið kartöflurnar og takið annað hráefni til.
Þegar kartöflurnar eru orðnar mjúkar má flysja þær og setja í góðan pott við lágan hita.
Ég notaði kartöflustappara en það er líka hægt að setja vel soðnar kartöflur í hrærivél og gera þetta þar.
Stappið saman kartöflur og önnur hráefni. Kryddið til eftir smekk og gott er að rífa parmesanost, bæði saman við músina og aftur yfir hana sé þess óskað.
Verði ykkur að góðu

Ég skora á stórvin minn Björgvin Jóhannesson hóteltjóra á Hótel Selfoss. Hann leynir á sér í eldhúsinu og getur töfrað fram dýrindis veislur en slátrið hjá honum stendur alltaf upp úr.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



SVANSMERK
Prentgripur
1041 0806

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Skammstafaðu mikið mót, hún mitti skreytir oft á snót. Með þrautum gerði móðir mín og Marsi fódur bar í sín.

Svar við gátu í blaði 2697: **LOKA**
1. Hjartaloka - 2. Meinloka
4. Lokadagur 11. maí





DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is
dfs@dfs.is - www.dfs.is

Lið Árbæjarhjáleigu og Hjarðartúns sigurvegari annað árið í röð

Lokakvöld Suðurlandsdeildar Cintamani í hestaíþróttum í Rangárhöllinni á Hellu fór fram sl. þriðjudagskvöld. Keppt var í tveimur greinum, skeiði og tölti. Staðan fyrir lokakvöldið var hnífjöfn á meðal efstu tveggja liða en Nonnenmacher leiddi og þar á eftir kom Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún, það var svo mjótt á munum hjá liðunum í sæti þrjú til sex.

Það fór svo að lið Árbæjarhjáleigu/Hjarðartúns stóð uppi sem sigurvegari deildarinnar annað árið í röð. Í öðru sæti var lið Nonnenmacher og Vöðlar/Snilldarverk/Sumarliðabær í því þriðja. Við óskum liðunum innilega til hamingju með frábæran árangur í vetur!

Það er því miður svo að neðstu tvö liðin detta úr deildinni en þau hafa samt sem áður staðið sig frábæra í vetur og

þökkum við þeim kærlega fyrir þátttökuna í deildinni. Önnur lið hafa áunnið sér áframhaldandi keppnisrétt.

Í skeiðinu voru margir frábærir sprettir en það fór svo að lið Húsasmiðjunnar og lið Black Crust Pizzeria voru jöfn í liðakeppninni. Bestu spretti kvöldsins áttu í flokki atvinnumanna Helga Una Björnsdóttir og Jarl frá Kílhrauni sem flugu í gegnum Rangárhöllina á tímanum 5,53 sek. en þau kepptu fyrir lið Nonnemacher og í flokki áhugamanna Sanne Van Hezel á Völundi frá Skálakoti sem flugu í gegnum Rangárhöllina á tímanum 5,88 sek. en þau kepptu fyrir lið Húsasmiðjunnar.

Nánari niðurstöður má sjá í LH Kappa-appinu.

Keppnin í tölti var æsispennandi og hestakosturinn alveg hreint magnaður í báðum



Lið Árbæjarhjáleigu/Hjarðartúns f.v. Hekla Katharína Kristinsdóttir, Maiju Varis, Hermann Arason, Hans Þór Hilmarsson, Svanhildur Guðbrandsdóttir og Auður Stefánsdóttir.

flokkum. Ljóst var að allt þyrfti að ganga upp hjá liðum Nonnemacher og Árbæjarhjáleigu/Hjarðartúns því baráttan um fyrsta sæti deildarinnar var ennþá hnífjöfn eftir skeiði.

Lið Töltrider sigraði liða-

keppni í tölti sem var svo sannarlega viðeigandi. Lið Töltrider átti tvo knapa í úrslitum og tvo rétt fyrir utan. Elvar Þormarsson og Heilun frá Holtabrún lentu í 3. – 4. sæti og Hjörvar Ágústsson og Öld frá Kirkjubæ enduðu

í 9. sæti í flokki atvinnumanna. Brynjar Núi Sighvatsson og Urður frá Strandarhjáleigu lentu í 3. sæti og Þórunn Kristjánsdóttir á Dimmu frá Eystri-Hól voru næstu fyrir utan úrslit í flokki áhugamanna. Glæsilegur árangur hjá liði Töltride.

Ljóst var eftir töltkeppnina að lið Árbæjarhjáleigu/Hjarðartúns hafði sigrað deildina í ár en knapar þeirra sigruðu bæði flokk áhugamanna og atvinnumanna. Það voru þau Hekla Katharína Kristinsdóttir á Lilju frá Kvistum sem hlutu 7.67 sem sigruðu flokk atvinnumanna og Hermann Arason á Nátrúnu Ýr frá Herriðarhóli sem hlutu 7.40 sem sigruðu flokk áhugamanna.

Við þökkum öllum sem komið hafa að deildinni í vetur, þetta var magnað tímabil!

Suðurlandsdeildin

Skeiða- og Gnúpverjahreppur fyrst Sunnlenskra sveitarfélaga í rafræn skil

Skeiða og Gnúpverjahreppur Skilaði í vikunni inn umsókn um rafræn skil gagna til Héraðsskjalasafn Árnesinga. Þar með er sveitarfélagið fyrst sveitarfélaga innan Héraðsskjalasafns Árnesinga til að sækja um rafræn skil á gögnum. Er þetta liður í innleiðingu sveitarfélagsins á heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðana um skilvirkar og ábyrgar stofnanir þar sem gagnsæi er haft að leiðarljósi.

Undirbúningur fyrir þessa umsókn hefur verið töluverður undanfarna mánuði og hefur Hrönn Jónsdóttir á skrifstofu sveitarfélagsins borið hitann og þungann af þessu verkefni. Guðmunda Ólafsdóttir og Þorsteinn Tryggvi Músson hjá Héraðsskjalasafni Árnesinga hafa einnig verið sveitarfélaginu til halds og traust í þessari vinnu og þökkum við þeim mikið vel fyrir samstarfið.

Hluti af innleiðingu þessa ferils er að taka upp og innleiða nýtt rafrænt skjalavistunarkerfi og endurskoða skjalavistunaráætlun sveitarfélagsins. Í fyrstu umferð færast allir skjalaflokkar nema bókhald yfir í rafrænt umhverfi en stefnt er að því að allir skjalaflokkar verði komnir í rafrænt umhverfi eftir eitt ár. Umsóknin sem og yfirfærslan yfir í nýtt rafrænt skjalavistunarkerfi, WorkPoint, er mikið gleðiefni og ætti það að auðvelda allt utanumhald verkefna og skjala innan skrifstofu sveitarfélagsins til framtíðar. Þannig verða gögn aðgengileg þegar á þarf að halda og varðveisla þeirra skjala sem varðveita á til frambúðar tryggð.

Vínbúðin Hveragerði óskar eftir aðstoðarverslunarstjóra

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Birgðahald og umhirda búðar
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- eða þjónustustörfum
- Reynsla af verkstjórn er kostur
- Lipurð í þjónustu
- Gott viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Almenn tölvukunnátta

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 3. maí nk. Umsækjendur skulu hafa náð 20 ára aldri. Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um á vinbudin.is.

Nánari upplýsingar: Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Við viljum að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur og vinnum markvisst að því að auka ánægju starfsfólks. Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að þroskast og læra nýja hluti. Þannig eflum við þekkingu og kraft fyrirtækisins.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.





Breyting á deiliskipulagi á Eystra-Seljalandi F2 og F3, Rangárþingi eystra

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Eystra-Seljalandi F2 og F3 á fundi sínum þann 13.04.2023. Tillagan var auglýst frá 13. júlí 2022 með athugasemdarfresti til 24. ágúst 2022. Gerðar hafa verið lagfæringar á tillögunni, eftir því sem við á, í samræmi við athugasemdir og ábendingar sem bárust á auglýsingatíma tillögunnar. Öllum þeim sem komu með athugasemdir við tillöguna, hefur nú þegar verið send niðurstaða sveitarstjórnar. Niðurstaða sveitarstjórnar er hér með auglýst í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting á deiliskipulagi á Rauðsbakka, Rangárþingi eystra

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Rauðsbakka á fundi sínum þann 13.04.2023. Tillagan var auglýst frá 26. október 2022 með athugasemdarfresti til 7. desember 2022. Gerðar hafa verið lagfæringar á tillögunni, eftir því sem við á, í samræmi við athugasemdir og ábendingar sem bárust á auglýsingatíma tillögunnar. Öllum þeim sem komu með athugasemdir við tillöguna, hefur nú þegar verið send niðurstaða sveitarstjórnar. Niðurstaða sveitarstjórnar er hér með auglýst í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Aðalsafnaðarfundur Þorláks- og Hjallasóknar

á árinu 2023, sem frestað var vegna körfuboltaleiks Þórs Þorlákshöfn og Vals, verður haldinn í Þorlákskirkju miðvikudaginn 3. maí og hefst hann kl. 20:00.

Dagskrá fundarins:

1. Setning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla sóknarnefndarformanns um liðið starfsár
4. Lagðir fram til afgreiðslu ársreikningar sóknar og kirkjugarða fyrir sl. ár ásamt fjárhagsáætlun þessa árs
5. Greint frá starfssemi héraðsnefndar og héraðsfundar
6. Kosningar
7. Önnur mál

Sóknarnefnd Þorláks- og Hjallasóknar



Jón Ingi sýnir vatnslitamyndir í Gallery Listaseli á Selfossi

Jón Ingi Sigurmundsson opnar sýningu í Gallerí Listaseli í Brúarstræti 1, í nýja miðbænum á Selfossi, mánudaginn 1. maí kl 15. Sýningin stendur út maí-mánuð.

Galleríið er opið frá kl. 12:00– 18:00 þriðjudaga til laugardags og frá kl 12:00–16:00 á sunnudögum.

Jón Ingi er fæddur og uppalinn á Eyrarbakka og starfaði áður við kennslu og stjórnunarstörf, tónlistarkennslu og kórstjórn. Stjórnaði Kór Gagnfræðaskólans á Selfossi 20 ár og Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands í 17 ár.

Fyrsti myndlistarkennari hans var Jóhann Briem en hann hefur síðan notið kennslu hjá Ron Ranson vatnslitamála í Englandi, Ulrikk Hoff í Kaupmannahöfn og Kieth Hornblower.

Jón Ingi hefur haldið yfir 50 málverkasýningar víðsvegar um landið og auk þess í Horsens í Danmörku og tekið þátt í sam-sýningum. Jón Ingi er félagi í Myndlistarfélagi Árnesinga,

Vatnslitafélagi Íslands og Norræna Vatnslitafélaginu. Hann var heiðraður af tímaritinu International Artist og fékk menningarviðurkenningu Árborgar 2011.



Ásgrímsleiðin slær í gegn

Ásgrímsleiðin er uppástunga til ferðamanna um að þræða slóðir Ásgríms Jónssonar listmalara sem fæddist 4. mars 1876 í Suðurkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa. Upphaf leiðarinnar getur verið í Hveragerði, á Eyrarbakka eða í Reykjavík. Gestir leiðarinnar geta valið hvar þeir byrja og henni má jafnvel skipta á tvo daga. Ef lagt er af stað frá Eyrarbakka er upplagt að byrja á því að heimsækja Húsið og skoða sýninguna „Drengurinn, fjöllin og Húsið“ sem fjallar um hinn unga Ásgrím.

Nú í apríl hafa tvær skipulagðar rútuferðir verið farnar og eru viðtökurnar virkilega ánægjulegar. Fólk hefur einnig farið á eigin vegum, hægt er að nálgast kortið sjálfst á söfnunum

og einnig á heimasíðu safnanna.

Stefnt er á að dreifa því vel á næstunni í Árnessýslu og í nágrennasveitum. Hér að neðan má sjá ummæli sem nokkrir ánægðir ferðalangar birtu á Facebook eftir ferðirnar:

„Yndisleg ferð á vegum Listasafns Árnesinga o.fl. í dag um Ásgrímsleiðina svokölluðu. Fararstjóri var Hannes Stefánsson kennari frá í Arabæ en sá er velþekktur úr Útsvari á RÚV. Eyrarbakki (Húsið), Gaulverjabæjarkirkja og akstur um vestanverðan Flóann (uppeldisloðir Ásgríms) og endað hér í Listasafninu en þar var leiðsögn um sýningu. Megi viðkomandi fá kærar þakkir fyrir fróðleikinn og gleðina.“

„Fræðandi ferðalag. Ásgrími

málara fylgt frá vöggum til grafar. Samhent sveitarfélag Gaulverjabæjarhreppur, kirkja, skóli og félagshseimili, í sama hverfi.. (nú hluti Flóahrepps)“

„Bestu þakkir fyrir afar fróðlega, vel skipulagða og skemmtilega ferð í alla staði. Ásgrímsferðin verður endurtekin í annarri mynd, komandi sumarferðalaga. Áhuginn er til staðar.“



Í leit að glötuðum tíma

Samstarf milli kennslugreina fer vaxandi í FSu. Enda er frekar hvatt til þess en latt í gildandi námskrá. Af því tilefni og öðru efndu sögukennarinn Lárus Ágúst Bragason og íslenskukennarinn Jón Özur Snorrason til samstarfs. Báðir kenna þeir á þessari önn hvorn sinn áfangann í Íslandssögu og bókmenntasögu 17. til 19. aldar og ákváðu að fara í dagstúr þann 13. apríl síðastliðinn með nemendur og sækja HÚSIÐ á Eyrarbakka heim.

Heiti ferðarinnar var um leið tilvísun í skáldævisögu franska rithöfundarins Marcel Proust (1871-1922) – Í leit að glötuðum tíma – þar sem sögumanni birtast sýnir í einskonar eftirsjá eftir liðinni tíð. HÚSIÐ er verðmætt dæmi slíkrar sögu og minninga og inniheldur andrúmsloft og gildismat liðinnar tíðar. Mikilvægt er að draga nemendur inn

í slík hús sem tilheyra horfnum tíma til fróðleiks og þroska.

Gestgjafar HÚSSINS voru þær Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður og Ásthildur Magnúsdóttir vefari. Auk þess að lýsa innviðum og daglegu lífi HÚSSINS leiddu þær okkur inn í húsið Kirkjubæ sem lýsir hóbýlum alþýðufólks í byrjun 20. aldar. Þá fræddi Ásthildur okkur um einstök gæði hinnar íslensku

ullar og hversu stóru hlutverki sauðkindin gegndi í því að halda lífi í formæðrum og forfeðrum okkar um aldir.

Tíminn á Eyrarbakka var svo sannarlega ekki glataður. Hann var nýttur til fróðleiks og skemmtunar og til að finna gömlum tíma nýjan stað í hugskoti okkar og þroska.

Józ



Vor í Vík og umhverfishetjur Mýrdalshrepps 2023

Mýrdælingar fögnuðu sumardegnum fyrsta með hátíðardagskrá Vor í Vík 2023.

Kvenfélag Dyrhólahrepps bauð upp á veitingar í Leikskálum og settur var upp flóamarkaður þar sem íbúum gafst tækifæri að tryggja nýtilegum eignum framhaldslíf hjá nýjum eigendum.

Börn úr Víkurskóla skemmtu viðstöddum með völdum lögum úr árshátíðarsýningunni Emil í Kattholti og kór eldri borgara, undir stjórn Önnu Björnsdóttur, sungu inn sumarið.

Að lokum voru Birgir Hinriksson og Fjóla Gísladóttir heiðruð sem umhverfishetjur

Mýrdalshrepps 2023. Samfélagið stendur í þakkarskuld við Fjölu og Birgi sem hafa í áráðir verið öðrum fyrirmyndir með því að stuðla að fegrun umhverfisins. Kolbrún Hjörleifsdóttir samdi við þetta tilefni svohljóðandi vísu til heiðurs umhverfishetjanna:

*Broshýr í sumarsökkum
saman við gögnum og plokum
mót hækandi sólu
Því betur við getum
í fótsporin fetum
Þeirra Birgis og Fjólu*

Mýrdalshreppur



1. maí kaffi Kvenfélags Eyrarbakka

Verður að Stað Eyrarbakka, mánudaginn 1. maí næstkomandi, húsið opnar klukkan 15:00.

Hlökkum til að sjá ykkur
Kvenfélag Eyrarbakka



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.



Auglýsing um niðurstöðu bæjarstjórnar Árborgar.

Samkvæmt 3. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna Larsenstræti 6 Selfossi.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum dags 13.04 2023 eftirfarandi.

Tillaga frá 3. fundi skipulagsnefndar, frá 22. mars, liður 2 Deiliskipulagsbreyting - Larsenstræti.

Lögð var fram að lokinni auglýsingu skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar- og þjónustulóða við í Larsenstræti.

Tillagan gerði ráð fyrir að lóðir nr. 4, 6, 8, 10, 12 og 14 yrðu sameinaðar í eina lóð, og að nýtingarhlutfall sameinaðra lóða verði 0,33. Aðkoma að lóðunum yrði sem fyrr frá Larsenstræti en einnig yrði gert ráð fyrir aðgangsstýrðri aðkomu að sameinaðri lóð frá Gaulverjabæjarvegi. Sú tenging er einungis hugsuð fyrir þungaflutninga og stórar flutningabifreiðar og ekki ætluð almennri umferð. Tillagan var auglýst frá 25.1.2023 til og með 8.3.2022. Ein athugasemd barst, frá Hestamannafélaginu Sleipni, þar sem óskað var eftir að sett yrði kvöð á lóðarhafa um uppsetningu á hárrí ógegnsærri girðingu og um niðurstöðu trjágróðurs á lóðarmörkum til suðurs. Þá var gerð athugasemd við akstursleið af lóð inn á Gaulverjabæjarveg, og tekið fram að með þeirri tengingu væri öryggi hestamanna ógnað. Skipulagsnefnd telur að aðkoma fyrir stóra bíla af Gaulverjabæjarvegi, væri betri lausn til að tryggja að stærri ökutæki væru ekki að athafna sig of mikið innan lóðar, auk þess sem ekki var talið heppilegt að umferð stærri ökutækja væru alfarið beint í Larsenstræti. Skipulagsnefnd benti á að í tillögu væri kvöð um 3m háa lokaða girðingu utan um athafnasvæði. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og fól skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu til samræmis við 41. gr. sömu laga, og senda Skipulagsstofnun tillöguna í samræmi við 42. gr skipulagslaga, og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda. Lagt er til við bæjarstjórn að samþykkja tillöguna í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu til samræmis við 41. gr. sömu laga, og senda Skipulagsstofnun tillöguna í samræmi við 42. gr skipulagslaga, og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 11 atkvæðum.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

VINNUSKÓLI FLOKKSTJÓRAR OSKAST

Leitað er eftir öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman af því að starfa með unglíngum og ungmönnum.

NÁNARI UPPLÝSINGAR:



FLÓAHREPPUR



floahreppur@floahreppur.is



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



Til leigu 178fm iðnaðarhúsnæði
13km austan við Selfoss.

Hentar fyrir matvælaframleiðslu
eða léttan iðnað. Lofthæð 4,8m,
innkeyrsluhurð 3 x 3,5m. 400A
heimtaug. Samliggjandi 173m²
rými með innkeyrsluhurð getur
fylgt.

Nánari upplýsingar
isplontur@gmail.com



Sumarafleysingar í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli

Við hjá Sláturfélagi Suðurlands leitum nú að
öflugum og hressum sumarstarfsmönnum til
afleysingastarfa í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli.
Á Hvolsvelli eru meðal annars framleiddar hinar
viðfrægu SS pylsur, okkar frábæra lifrarpylsa
ásamt öllu okkar ljúffenga grillkjöti svo fátt eitt
sé nefnt. Um er að ræða mikilvæg störf og því
leitum við að góðu fólki til að hjálpa okkur við
að halda matardiskum landsmanna fullum í
sumar af okkar góðu sunnlenksu SS kjötvörum.
Ef þig langar að vinna á heimili SS pylsunnar
og ert 16 ára á árinu eða eldri, mun samhentur
hópur starfsmanna taka vel á móti þér. Í flestum
tilvikum er um vaktavinnu að ræða.

Sækja skal um starf á heimasíðu félagsins, ss.is
og þar er einnig að finna nánari upplýsingar
um SS.

Nánari upplýsingar veitir verksmiðjustjóri í
síma 488-8200.

Kvenfélagið á Eyrarbakka 135 ára

Á Eyrarbakka hefur lengi verið þétt samfélag. Árið 1888 þann 25. apríl, þegar Kvenfélag Eyrarbakka var stofnað, hafði samfélagið verið sterk stöð þeirra sem þar bjuggu og störfuðu. Sjórinn var það sem gaf, en hann tók einnig sinn toll. Eftir stöðu ekkjurnar með börn sem höfðu hvorki föður né fyrirvinnu. Konurnar í þorpinu aðstoðuðu þær sem eftir stöðu einar.

Á þessum tíma voru engir opinberir styrkir eða annað sem kom til hjálpar, eingöngu samhjálp hinna í þorpinu. Eins var ef sjúkdómar herjuðu á, eða annað það sem hamlaði að sækja björg í bú, þá var það samhjálpin sem að gat fleytt fólki áfram í daglegu striti.

Það er við þessar aðstæður sem að sextán konur stofnuðu Kvenfélag Eyrarbakka undir stjórn Eugenia Nielsen. Þessi hugsjón er enn til staðar í störfum Kvenfélags Eyrarbakka, en þó á nútímans, hugsun um hag kvenna og barna. Konur þetta raðirnar og vinna saman, safna peningum í þágu samfélagsins og styrkja í nærsamfélaginu, þar sem að þörfin er. Einnig þar sem kemur öllum til góða, líkt og líknarfélög vinna. Sumt er það sem segja má frá, annað fer hljótt. Þeir einir sem njóta aðstoðar vita.

Í okkar síunga félagi er þó oftast glatt á hjalla, hvort sem konurnar vinna saman að margvíslegum verkefnum eða lyfta sér á kreik.

Fundirnir eru kærleiksríkir og gefandi. Þar er grasrótin með trygga stjórn og konurnar vinna í ýmsum nefndum. Samhugurinn sem í upphafi var ríkjandi, ríkir enn, þó kjör fólks hafi með ýmsum hætti breyst.

Minnug þess að „mönnunum svipar saman“, heldur



þetta aldna og góða félag áfram á sama grunni, líknar og samhjálpar.

Kristín Eiríksdóttir
Formaður Kvenfélags
Eyrarbakka

Stóri Plokkdagurinn 2023

Stóri Plokkdagurinn er haldinn 30. apríl í ár, en líkt og undanfarin ár mun Sveitarfélagið Árborg styðja við íbúa og plokksamfélagið sem vill stuðla að snyrtilegu umhverfi og leggja sitt lóð á vogarskálarnar við að tína rusl sem víðast.

Ruslapokar verða aðgengi- legir á eftirtöldum stöðum í sveitarfélaginu, auk þess sem fólk getur losað sig við afrakstur plokksins í tunnur á sömu stöðum. Tunnurnar verða fjarlægðar þriðjudaginn 2. maí.

Helgina 28. - 30. apríl 2023 verður unnt að nálgast glæra plastpoka til ruslatínslu og losa sig við afraksturinn í ruslatunnur að tínslu lokinni á eftirfarandi

stöðum:

Eyrarbakki

Bakkinn, Eyrargata 49
Leikskólinn Strandheimar /
Brimver, Túngata 39

Stokkseyri

Skálinn, Hásteinsvegur 2
Leikskólinn Strandheimar /
Æskukot, Blómsturvellir 2

Selfoss

Sunnan við Ráðhús Árborgar,
Austurvegur 2
Sunnan við Krambúðina (grænt
svæði við Fossheiði)
Sunnulækjarskóli við íþróttahúsið
Fossnes / Bjarg við Ölfusá

Leikskólinn Goðheimar, Engja-
land 21

Leikskólinn Hulduheimar,

Erlurimi 1

Leikskólinn Jötunheimar,

Norðurhólum 3

Leikskólinn Álfheimar, Sól-
völlum 6

Leikskólinn Árbær, Fossvegi 1

Tjarnabyggð

Við grenndargáma

Sveitarfélagið Árborg



Ókeypiss leiðsögn um Hornstein

Boðið verður upp á ókeypis leiðsögn um sýninguna Hornsteinn þann 30. apríl kl. 14:00 í Listasafni Árnessinga Hveragerði.

Leiðsögnin er sérstaklega hugsuð fyrir byrjendur í listasögu, komið endilega á ókeypis leiðsögn og fræðslu um listasögu.

Halldór Björn Runólfsson listfræðingur mun leiða gesti gegnum sýninguna Hornsteinn með listasögunum að leiðarljósi.

Hann mun leitast við að lýsa þróun íslenskrar myndlistar frá aldamótunum 1900 til okkar daga með hliðsjón af völdum verkum á sýningunni og tengslum milli höfundna þeirra.



Duglegir 7. bekkingar

Nokkrir duglegir 7. bekkingar í Vallaskóla á Selfossi skelltu sér út að tína rusl í blíðunni í vikunni. Þau voru sérstaklega dugleg og ekki vanþörf á að hreinsa aðeins til.



Mikilvægt að upplýsa íbúa

Ég vil byrja á að þakka íbúum í Árborg fyrir áhuga þeirra á íbúafundinum 12. apríl sl. Þegar bæjarstjórn Árborgar ásamt ráðgjafafyrirtækinu KPMG fóru yfir fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og markmið næstu ára. Það er nú eitt meginmarkmiðið bæjarstjórnar að íbúar séu reglulega upplýstir um málefnið á sveitarfélagsins okkar og vil ég fylgja því eftir með þessum stutta pistli.

Leysum úr vandanum

Fulltrúar KPMG lýstu í einföldu máli hvernig fjárhagsstaða sveitarfélagsins hafi tekið skarpa dýfu á fáeinum árum. Þar kom helst fram að aukin skuldsetning og útgjöld í örum íbúavexti hafa sett sveitarfélagið í stöðu sem mikilvægt er að bregðast við strax.

Verkefnið er erfitt en vel viðráðanlegt enda er Sveitarfélagið Árborg hvorki fyrsta né síðasta sveitarfélagið sem takast þarf á við fjárhagslega endurskipulagningu. Reynsla frá sambærilegum verkefnum og ráðgjöf KPMG nýtist okkur í bæjarstjórn vel. Þá er gott að finna stuðning og skilning íbúa á nauðsyn þess að grípa til ýmissa erfiðra úræða.

Vil ég þakka þeim fjölmörgu sem ég hef átt samtöl við eða fengið skilaboð frá í kjölfar kynningarfundarins. Það er okkur mikilvægt að heyra að

íbúar séu umfram allt bjartsýnir og geri sér grein fyrir því að núverandi bæjarstjórn hafi ekki stofnað til þessarar stöðu heldur sé einhuga að leysa úr henni.

Raunhæf markmið

Sé miðað út frá forsendum sem við búum við í dag er raunhæft að Árborg verði undir skuldaþómið sveitarfélaga strax árið 2028. Öll vinna bæjarstjórnar markast þó af því að ná settum fjárhagslegum markmiðum fyrr. Ég hef fulla trú á að með samstilltu átaki muni það takast enda tækifærin á svæðinu mikil og mörg spennandi verkefni í farvatninu.

Við erum að taka saman svör við þeim rúmlega hundrað spurningum sem upp komu á fundinum. Ætlunin er að þau liggi fyrir á heimasíðu Svf. Árborgar fljótlega.

Vor í loftinu

Það er alltaf ákveðin vorboði þegar bæjarhátíðin byrja hver af annari og nú er „Vor í Árborg“ nýlengi. Dagskrá hátíðarinnar var fjölbreytt að vanda, hófst með hátíðardagskrá skátafélagsins Fossbúa á sumardaginn fyrsta og hélt svo áfram yfir helgina þar sem henni lauk með 10 ára afmælisveislu Konubókastofu á Eyrarbakka. Vel var staðið að hátíðinni og vil ég þakka öllum sem komu að.



Annar vorboði eru úrslita-keppnir í íþróttum, Grýlupottahlaup og vormót hér og þar. Leyfi ég mér að nefna sérstaklega kvennalið Umf. Selfoss í handbolta sem er í úrslitaumspili um úrvalsdeildarsæti en umspilið hefst miðvikudaginn 26. apríl í Set-höllinni á Selfossi. Hvet ég fólk til að mæta og styðja okkar frábæra lið í þeirri keppni.

Þá minni ég á stóra plokkgagninn sem verður haldinn 30. apríl nk. Þá geta íbúar fengið glæra plastpoka, gengið um sitt nánasta umhverfi og gert það snyrtilegra. Sveitarfélagið leggur til sérstakar tunnur þar sem íbúar geta losað sig við plastpokana. Nánari upplýsingar má finna á www.arborg.is.

Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg

Kalla eftir úrbótum frá ríkisstjórn

Fundur kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðurlandskjördæmi haldinn á Selfossi 22. apríl 2023 lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu efnahagsmála og aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar. Stýrivextir eru háir og hafa hækkað umtalsvert síðustu mánuði og verðbólgan ekki gengið niður líkt og vænst var. Nauðsynjavörur og húsnæðislán hækka og heimilin bera kostnaðinn. Greiðslubyrðir þeirra sem tóku óverðtryggt lán hefur aukist mikið. Fundurinn krefst þess að ríkisstjórnin setji fram mótvægisáðgerðir sem duga þeim heimilum sem í erfiðastri stöðu eru.

Fundurinn lýsir yfir áhyggjum af stöðu heilbrigðismála í Suðurlandskjördæmi og á landinu öllu. Fundurinn leggur áherslu á að fundin verði raunhæf lausn á mönnunarvanda þeim sem kerfið glímir við. Koma þarf til móts við heilbrigðisstarfsfólk með betri starfsaðstöðu, minna álagi og bættum kjörum í þeim tilgangi að forðga því að heilbrigðisstarfsfólk yfirgefi starfsvettvanginn og til að laða þá að sem hafa þegar leitað í önnur störf.

Fundurinn krefst þess að stjórnvöld sjái til þess að heilbrigðisþjónusta sé öllum aðgengileg óháð efnahag. Samningar ríkisins við sérgreinalækna hafa verið lausir í rúm fjögur ár. Veikt fólk greiðir kostnaðinn af samningsleysinu og nú er svo komið að margir hafa ekki efni

á að fara til læknis. Kjördæmisráð Suðurlandskjördæmis hafnar heilbrigðisstefnu sem gerir ráð fyrir háum upphæðum úr vösum sjúklinga.

Fundurinn kallar eftir skýrari áætlunum ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Afar brýnt er að grænu umskiptin verði réttlát og leggist ekki þungt á þau efnaminni í samfélaginu. Einnig þarf að gæta jafnræðis á milli landshluta og taka tillit til landfræðilegra áskorana.

Þá leggur fundurinn til að unnin verði auðlindastefna fyrir Ísland með sjálfbærni að leiðarljósi ásamt því að fullt verð fáið fyrir tímabundna nýtingarsamninga. Brýnt er að sanngjarn hluti auðlindarentunnar renni til sveitarfélaga til atvinnuuppbyggingar.



Sjáumst á Styrkleikunum í Lindexhöllinni 29. - 30. apríl

Öll velkomin og það kostar ekkert að vera með.

Styrkleikar Krabbameinsfélagsins eru fjölskylduviðburður þar sem við styðjum við, heiðrum eða minnumst þeirra sem hafa fengið krabbamein.

Einstaklingar skrá sig í lið sem skiptist á að halda boðhlaupskefli á hreyfingu í heilan sólarhring, sem er táknrænt fyrir að það fæst engin hvíld frá krabbameini.

Einstök stemming og fjölbreytt dagskrá fyrir alla aldurshópa.

Styrkleikarnir eru haldnir í samvinnu við Krabbameinsfélag Árnassýslu og í góðu samstarfi við Sveitarfélagið Árborg og fjölda aðila á svæðinu.

Sjáumst í Lindexhöllinni, Engjavegi 50, Selfossi.

Allar nánari upplýsingar á styrkleikarnir.is



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Skrifstofa Félags eldri-
borgara á Selfossi verður
opin fimmtudaginn
27. apríl kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn 27. apríl
kl. 14:45. Leikhópurinn
okkar skemmtir. Kaffi og
kökur á vægu verði.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttir
Bílamálun - Rúðuskipti



Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

ÞJÓNUSTA

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/eða helgarvinna.
Parket, flísar, samsetning á eld-
húsinnréttingum, gips, málun
o.fl. Nánari uppl. í síma 777
2265.

Íþróttir

Hamarsmenn í úrslit þriðja árið í röð



Hamar tryggði sér sæti í úr-
slitum eftir 3-0 sigur á
Vestra í spennandi leik í úrvals-
deild karla í blaki á Ísafirði í
gær. Munu þeir mæta Aftureld-
ingu eða KA í úrslitaviðureign
mótsins.

Hrinurnar fóru 19:25, 29:31
og 20:25 fyrir Hamri og sæti í
úrslitaviðureigninni þar með
tryggt.

Hvergerðingar munu því
spilar til úrslita um Íslands-
meistaratitillinn þriðja árið í röð,
en liðið er nú tvöfaldur Íslands-
meistari og þrefaldur deildar og
bikarmeistari. Hamar

Rangárþing Ytra og Akstursíþróttadeild
UMF Heklu undirrita samning

Eftir töluverðan undirbúning
Evar skrifað undir þjónustu-
og lóðaleigusamning á milli
Rangárþings ytra og Aksturs-
íþróttadeildar Ungmennafélagsins
Heklu. Fram kemur í
samningnum að meginmarkmið
samningsins sé að viðhalda
öflugu og fjölbreyttu íþrótt-
og tómstundastarfi fyrir börn
og ungmenni í sveitarfélaginu,
styrkja og treysta starfsemi
deildarinnar og bæða aðstöðu

fyrir akstursíþróttir í sveitar-
félaginu.

Deildin mun leggja kapp á að
veita iðkendum vélhjólaiþrótt
aðstöðu til æfinga og keppni.
Auka þannig möguleika iðk-
enda á að sinna íþróttinni við
skipulagðar aðstæður og um leið
minnka líkurnar á því að slíkur
akstur fari fram á stöðum þar
sem meiri truflun og skemmdir
á náttúru geti orðið.

Til að deildin geti gengt hlut-
verki sínu skv. samningi þessum
þá fær hún til leigu og afnota
lóð og afnotsvæði í eigu sveitar-
félagsins. Hið leigða er lóðin

Rangárvallavegur 1, lóðarnúm-
er 234963 ásamt afnotarétti af
svæði utan lóðar sem eru nánar
útlustuð í samningnum.

Í framkvæmdaáætlun er gert
ráð fyrir því að svæðið verði til-
búið fyrir notendur í júní.

Eitt af skilyrðum samn-
ingsins er að skýrar umgegnis-
reglur þurfa að vera til staðar
fyrir svæðið á áberandi stað á
svæðinu. Einnig að opnunar-
tími svæðis er að hámarki frá kl.
11:00 – 21:00 og ber deildinni
að fylgja því eftir að svæðið
verði ekki notað á öðrum tíma
án samþykkis sveitarfélagsins.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Fjölskylduguðsþjónusta og vor-
hátíð kóra- og barnastarfsins í
Selfosskirkju kl. 11. Verið öll
hjartanlega velkomin.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 29. apríl.
Bíbliulexiur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12, Eric Guðmundsson
prédikar.

Annað

Hross til slátrunar

Vantar hross til slátrunar sem
fyrst. Uppl. í síma 895 8134.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
29. apríl, milli kl. 11:00 og
12:00 á Eyrangei 15,
Selfossi. Walter Fannar
Kristjánsson nýr formaður
Framsóknarfélags
Árnessýslu mætir í spjall.
Allir velkomnir.



Atli Már Guðnason, formaður akstursíþróttadeildar, Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri og Sindri Snær Bjarnason, formaður Ungmennafélagsins Heklu.
Mynd: Rangárþing ytra.

Tæplega 100 keppendur á
Héraðsmóti HSK í borðtennis

HSK-mótið í borðtennis
fór fram sunnudaginn 16.
apríl 2023 í Íþróttamiðstöð-
inni á Hvolsvelli. Alls tóku 95
keppendur frá sjö félögum þátt.
Keppendur stóðu sig vel og
gekk mótið vel fyrir sig.

Keppt var um HSK meistara-
titil í 12 flokkum. Keppendur
Garps unnu fimm titla, Dímon
vann fjóra titla, Selfoss tvo og
Gnúpverjar einn. Dímon vann
stigakeppni félaga með 128 stig,



Garpur varð í öðru sæti með
81,25 stig og Selfyssingar urðu
í þriðja með 17 stig.

Yfirlit um verðlaunahafa má
sjá á www.hsk.is.

Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur í Garðyrkjuskólanum Hveragerði



Menntaskólinn að Laugarvatni 70 ára

Miðvikudagurinn 12. apríl, afmælisdagur ML rann upp bjartur og fagur. Eftir morgunverð var hringt til afmælishúsfundar þar sem skólameistari fór yfir dagskrá dagsins og afhenti nemendum og starfsfólki afmælisgjöf, bláan ægifinan bakpoka með merki skólans og nafni viðkomandi prentað á framhlið.


Eftir húsþing drógu nokkrir nemendur fram gítara og nemendur þöndu raddböndin á söngsal að gamalli hefð.

Hátíðardagskrá í íþróttahúsi hófst kl. 13:00. Viðstaddir voru fjölmargir gestir. Forseti Íslands heiðraði afmælisbarnið með nærveru sinni, nemendur og starfsfólk skólans fyrr og nú auk margra annara velunnara.

Skólameistari setti afmælishátíðina, Forseti Íslands ávarpaði samkomuna áður en ML kórinn söng tvö lög. Gunnar Þorgeirsson, formaður skólanefndar ML, ávarpaði samkomuna og Gunnar Júlíusson listamaður og ML-ingur afhjúpaði málverk af frá-

farandi skólameistara, Halldóri Páli Halldórssyni sem flutti stutta kveðjuræðu í kjölfarið.

Skólameistari lokaði síðan athöfninni með nokkrum orðum. Þá kom kórinn aftur fram og söng skólasönginn ásamt öllum gestum hátíðarinnar. Eftir hátíðardagskrá var opið hús í Menntaskólanum. Boðið var upp á afmælsköku og aðrar veitingar í matsal og um allan skóla voru sýningar á ýmsu úr skólastarfinu frá fornu og nýju.



Ljósmynd: ML/Ívar Sæland.



Nemendur spila og syngja saman í söngsal. Ljósmynd: ML/Ívar Sæland.



Guðni Th. Jóhannesson forseti ásamt Jónu Katrínu Hilmarssdóttur, skólameistara ML

BRAC AF VINATTU!

Fæst hjá **BYKO** Selfossi

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

VÉLALEIGA
SUÐURLANDS
☎ 699-5403
velaleigasud@gmail.com

Við leigjum út vélar
ásamt því tökum við að
okkur alla jarðvinnu.

Við erum á Facebook:
Vélaleiga Suðurlands

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
Sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
Sími 779 6777

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

SEASTONE EHF
KRANABÍLAPJÓNUSTA

SÍMI 898 9960

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steintoppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland

Bílasprautun - Bílaréttingar -
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is